

HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Skinney-Þinganes hf.
kt. 480169-2989

Starfsstöð: Krossey, 780 Höfn
Fastanúmer: 160-057

Leyfið gildir frá 11. janúar 2022 til 11. janúar 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir

- Fiskvinnslu

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br. og skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmaður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

HEILBRIGÐISEFTIRLIT
Ólöf Vilbergsdóttir
AUSTURLANDSSVÆÐIS

Ólöf Vilbergsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi



HAUST

Heilbrigðiseftirlit Austurlands

Starfsleyfisskilyrði

Heilbrigðisnefndar Austurlands

Starfsleyfishafi: Skinney-Pinganes hf., kt. 480169-2989

Starfsstöð: Krossey, 780 Höfn

Fastanúmer: 160-057

Leyfið gildir frá 11. janúar 2022 til 11. janúar 2034

Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- **Fiskvinnslu**

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar dags. 28. maí 2021.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit*
- *Reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi*
- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ*
- *Reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins*

1. Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

Um er að ræða fiskvinnslu þar sem unnið er úr bolfiski (þorskur, ýsa og ufsi), uppsjávarfiski (síld og loðna) auk þess fer fram humarvinnsla í fyrirtækinu.

- Bolfiskur kemur heill og ísaður í hús. Fiskurinn er ýmist flakaður eða flattur. Úr honum fást saltaðar, frosnar og ferskar afurðir.
- Uppsjávarfiski er dælt beint úr skipum í hráefnisgeyma eða beint til vinnslu. Hann er síðan flokkaður og ýmist flakaður, hausaður eða heilfrystur eða sendur til bræðslu.
- Humar kemur heill og ísaður í hús þar sem hann er tekinn til flokkunar og vinnslu.
- Úrgangur frá vinnslunni fer að mestu leyti til bræðslu en hluti hans er endurnýttur á viðurkenndan hátt.

Um starfsemina gilda m.a.

- *Reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi*
- *Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi, fylgiskjal 1.*
- *Starfsleyfisskilyrði fyrir fiskvinnslur, fylgiskjal 2.*

2. Almenn ákvæði

2.1. Flutningstæki

Tæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til vinnslunnar skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslum og viðurkennd af Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Flutningstæki skulu vera vandlega þrifuð að notkun lokinni, aðstaða til þvotta skal vera til staðar á lóð fyrirtækisins. Frárennsli frá þvottaáðstöðu skal leitt í gegnum fitugildru.

2.2. Móttaka hráefnis

Allt hráefni sem berst til vinnslunnar skal tekið í hús við komu og skal ekki undir nokkrum kringumstæðum standa í körum eða öðrum ílátum utanhúss.

2.3. Móttaka og meðhöndlun á uppsjávarfiski til vinnslu

2.3.1. Löndun

Löndunarbúnaður skal vera þéttur. Til staðar skal vera sogbúnaður til tæmingar á afgangsvatni úr lestum. Allt löndunaratn og vatn frá grófskolun lesta skal tekið til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju eða meðhöndlað í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í gr. 3.1

2.3.2. Blóðvatnsgeymar

Til staðar skulu vera geymar sem rúma allt vatn sem til fellur við löndun, grófskolun lesta og hráefnisgeymsla. Gera skal ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að við óhöpp geti borist vökvi úr þeim í sjó og skal yfirfall frá þeim leitt í hreinsibúnað sbr. gr. 3.1.

2.3.3. Hráefnisgeymslur

Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum eða lokuðum geymum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu í fiskimjölsverksmiðju eða meðhöndlaður í hreinsibúnaði í samræmi við ákvæði í gr. 3.1. Þetta á einnig við um vatn frá fyrstu skolun og skal halda því í lágmarki t.d. með háþrýstidælum. Tæming hráefnisgeymsla skal vera sjálfvirk eftir því sem frekast verður við komið. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal skola hana með köldu vatni. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrifa þau vel að verki loknu. Akstur á óþrifnum moksturstækjum utan geymslusvæðisins er óheimill.

3. Mengunarvarnir

Starfsleyfishafi skal eins og kostur er yfirbyggja eða draga úr mengun lofts, láðs og/eða lagar sem kann að stafa frá starfsemi fyrirtækisins með viðeigandi aðferðum og mengunarvarnarbúnaði. Starfsleyfishafi skal beita samþættum mengunarvörnum þar sem það á við, svo að ráðstafanir til að draga úr tiltekinni mengun í einum viðtaka valdi ekki eða auki mengun í öðrum. Beita skal bestu aðgengilegu tækni (BAT) við mengunarvarnir í þeim tilvikum sem hún hefur verið skilgreind. Engar breytingar verði gerðar á frárennsli sem skerði mengunarvarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni.

3.1. Mengunarvarnir fráveitu

- Þar sem frárennsli er veitt í sér lögn sem fyrirtækið á skal fylgja þeim losunarmörkum sem útgefandi starfsleyfis setur, sbr. kafli 4.2 um losunarmörk á frárennsli.
- Frárennsli frá löndunarkerfi, hráefnisgeymslum og vinnslusölum skal meðhöndla í hreinsibúnaði áður en því er veitt til sjávar. Búnaðurinn skal vera sjálfhreinsandi og skal endurvinna fitu og föst efni.
- Annað frárennsli sem ekki er leitt í hreinsibúnað skal leiða í fitugildru áður en því er veitt til sjávar. Þetta á við um frárennsli frá vinnslusölum, gólfum, plönnum og frá þrifum. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur.

- Frárennsli skal uppfylla losunarmörk sem fram koma í gr. 4.2. Ef losun er yfir þeim mörkum sem fram koma getur heilbrigðiseftirlitið krafist frekari hreinsunar á frárennsli.
- Stærð og gerð hreinsibúnaðar er háð samþykki heilbrigðiseftirlits. Fráveitulagnir skulu uppfylla ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.
- Frárennsli frá snyrtingum skal leiða í almenningsfráveitu. Þar sem það er ekki framkvæmanlegt skal það hreinsað í eins- til tveggja þrepa hreinsunarbúnaði í samræmi við reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

3.2. Mengunarvarnabúnaður

Mengunarvarnabúnaður, t.d. sérstök ídræg efni eða mottur, skal vera tiltækur til að bregðast við minni mengunaróhöppum. Auk þess skal hafa tiltækan búnað til að loka niðurföllum eða hindra á annan hátt að olía geti borist í niðurföll.

4. Prófanir og sýnatökur

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga, sem kveðið er á um í starfsleyfi þessu. Prófanir og úttektir skulu vottaðar af viðurkenndum úttektaraðila.

4.1. Sýnataka af fráveitu

Rekstraraðili skal láta taka sýni af fráveituvatni og gera skal eftirfarandi eftirlitsmælingar sem skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Fitu, svifefni og COD í frárennsli vinnslunnar skal mæla að lágmarki árlega. Mælt skal í frárennsli frá fitugildru og öðrum hreinsibúnaði og skal mælingin ná yfir einn sólarhring (meðalsýni) meðan vinnsla er í gangi.
- Framkvæma skal rennismælingar í frárennsli á sama tíma og sýnataka fer fram.

Rekstraraðili skal skila til Heilbrigðiseftirlits Austurlands niðurstöðum þessara mælinga ásamt upplýsingum um heildarmagn hráefnis til vinnslu yfir þann tíma sem könnunin nær yfir. Á grundvelli mælinganna er hægt að meta heildarlosun lífrænna efna frá vinnslunni. Rannsóknaniðurstöður skulu einnig skráðar í rekstrarhandbók starfstöðvar.

4.2. Losunarmörk á frárennsli

Eftirfarandi losunarmörk og tímamörk gilda fyrir frárennslisvatn vinnslunnar:

Efni	Losunarmörk		Tímabil meðaltal
	mg/l	g/tonn hráefnis	
Fita (oil & grease)	100	-	1 sólarhringur
Svifefni	-	1.000	1 sólarhringur
COD (efnafræðileg súrefnisþörf)	-	5.000	1 sólarhringur

5. Handbók innra eftirlits, rekstrarhandbók

Rekstraraðili skal viðhafa eigið eftirlit með starfsemi sinni sem m.a. er fólgin í skráningu á eftirfarandi:

- Magn og gerð spilliefna sem skilað er til móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar.
- Rannsóknaniðurstöður af mælingum í sýnum af fráveituvatni skv. gr. 4.1.
- Alla þjónustu, eftirlit og viðhald á mengunarvarnabúnaði fráveitu.
- Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim.

Lagnateikning skal vera til staðar með upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslislagna.

Halda skal skrá yfir olúgeyma starfstöðvar, þ.e. fyrir neyslu-, húsa- eða lausageyma sem eru í notkun.

Tæknilegar upplýsingar um olíugeyma skulu vera tiltækar í gögnum fyrirtækisins.

Eftirlitsaðili skal ávallt hafa greiðan aðgang að framangreindum upplýsingum.

6. Mengunaróhapp

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila (HAUST) sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Einnig skal tilkynna Umhverfisstofnun um slík tilfelli ef hættu er á bráðamengun. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar.

7. Starfsemi hætt

Tilkynna skal Heilbrigðiseftirliti Austurlands með minnst mánaðar fyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megu út frágang á aðstöðunni.

Gera skal ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt.

8. Annað sem varðar starfsemina

8.1. Fráveita

Fráveituvatn frá uppsjávarvinnslu fer í grófhreinsun í tromlu, þar sem föst efni eru fjarlægð úr vatninu, og þaðan í fituskilju.

Fráveituvatn frá bolfiskvinnslu, aðgerðarkerfi og saltfiskvinnslu fer í gegnum þrepaskilju, sem fjarlægir föst efni, og þaðan í fráveitu sveitarfélags sem liggur út í höfnina. .

Sjór frá skipum fer líka í gengum fituskilju.

Fita og föst efni fara í mjölvinnslu. Sá úrgangur sem fellur í gólfið fer í þrepaskilju og fitugildru.

Fitugildra er fyrir mötuneyti. Annað fráveituvatn og skólþ fer í fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Um fráveitur gilda m.a.:

- *Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ*

8.2. Vatnsveita

Um er að ræða opinbera vatnsveitu sveitafélagsins með starfsleyfi frá Heilbrigðisnefnd Austurlands.

Um vatnsveitur gildir meðal annars:

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*

8.1. Olíugeymar

Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

8.1. Notkun hættuminni efna

Efni sem notuð eru þannig að hættu sé á að þau valdi mengun skulu vera prófuð með tilliti til eituráhrifa, niðurbrots og uppsöfnunar í náttúrunni. Leitast skal við að skipta út efnum sem hafa skaðleg áhrif á menn og umhverfi með efnum sem eru minna skaðleg.

8.2. Meðferð úrgangs

Allur úrgangur skal meðhöndlaður í samræmi við reglur sveitarfélagsins.

Spilliefni og hvers konar efni sem unnt er að endurvinna og endurnota skulu flokkuð sér og flutt til móttöku skv. reglum þar um og taka kvittun til staðfestingar á réttum skilum.

Um úrgang gilda m.a.:

- *Lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs*
- *Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni*

8.3. Lóð og umhverfi

Umgengni um lóð og athafnasvæði skal vera góð og lóðamörk skulu virt. Ekki er heimilt að geyma óviðkomandi tæki, hluti eða vélar á lóðinni.

11. janúar 2022
Virðingarfyllst,
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

11. janúar 2022

Skinney – Þinganes hf.
Krossey
780 Höfn

Varðar útgáfu starfsleyfis fyrir fiskvinnslu

Heilbrigðiseftirlit Austurlands hefur gefið út starfsleyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir fiskvinnslu skv. umsókn dags. 28. maí 2021 og er starfsleyfið hér meðfylgjandi.

Flokkun starfseminnar, eftirlitstíðni og gjaldtaka samkvæmt gjaldskrá HAUST nr. 22/2020 m.s.br. er sem hér segir.

ÍSAT NR.	Heiti atvinnugreinar	Tíðni eftirlits	Árlegt eftirlitsgjald
15.20.6.3	Vinnsla á ferskum fiski, stór	1	83.700
Árlegt eftirlitsgjald			83.700 kr.

Starfsleyfisgjald fyrir endurnýjun á starfsleyfi er 19.400 kr. samkvæmt áðurnefndri gjaldskrá HAUST. Reikningur í samræmi við það verður sendur á næstunni.

Ef aths. eða fyrirspurnir vakna vegna starfsleyfis, fylgigagna eða þessa bréfs, sem og ef fyrirtækið hefur ástæðu til að neyta andmælaréttar skv. stjórnáslögum 37/1993 skal það gert skriflega innan 14 daga frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar
Austurlands



Ólöf Vilbergsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

ALMENN STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rgl.Nr.	Uppfyllt
1.1	Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.	550/2018	
1.2	Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.	Lög nr. 46/1980	
1.3	Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla.	550/2018	
1.4	Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.	550/2018	
1.5	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018	
1.6	Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.	Lög nr. 7/1998	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.	Lög nr. 55/2012	

2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpilát.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.2	Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.	737/2003 16. og 18. gr., sbr. rgl. 550/2018	
2.3	Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.	112/2012	
2.4	Afla ber leyfis fyrir staðsetningu oliutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.	884/2017	
2.5	Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.	112/2012 og rgl. nr. 737/2003	

3. MENGUNARVARNIR

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.	724/2008	
3.2	Loftræstingu skal þannig háttáð að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.	724/2008, rgl. nr. 550/2018 52. gr. og rgl. nr. 787/1999 5. gr. og 9. gr.	
3.3	Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennslilagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslisli sem skerði mengunarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.	798/1999	



3.4	Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.	737/2003	
3.5	Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.	415/2014 og lög nr. 61/2013	
3.6	Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.	806/1999	
3.7	Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.	970/2013	
3.8	Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.	888/2015 og lög nr. 61/2003	
3.9	Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.	884/2017	

4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

		Rgl.Nr.	Uppfyllt
4.1	Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.	737/2003	
4.2	Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfisvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.	806/1999	
4.3	Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.	798/1999 5. gr.	

4.4	Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hættá á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hættá á að umbúðir verði fyrir hnjaski.	806/1999	
4.5	Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.	806/1999	
4.6	Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.	806/1999 11. gr.	
4.7	Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.	806/1999 og rgl. nr. 1040/2016	

5. EFTIRLIT

		Rgl.nr.	Uppfyllt
5.1	Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.	550/2018 og lög nr. 7/1998	

Starfsleyfisskýrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.



STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR fiskvinnslu

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rg.Lnr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfisskilyrðin gilda fyrir fiskvinnslu, frystihús, rækjuvinnslu og aðra skelfiskvinnslu. Einnig starfsemi þar sem stunduð er saltfiskvinnsla, marinering, niðursuða, reyking eða þurrkun fiskafurða.	550/2018 5. gr.	
1.2	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda einnig viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	550/2018 5. gr.	
1.3	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti, þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.	550/2018 13. og 56. gr.	
1.4	Rekstraraðili skal starfrækja innra eftirlit með starfseminni. Skrá skal á skilvirkan hátt og geyma upplýsingar um: <ul style="list-style-type: none"> a) Afstöðumynd af stöðinni sem sýnir m.a. frárennislagnir og hreinsivirki sem kunna að vera til staðar og safna skal upplýsingum um breytingar, viðhald og tæmingu þeirra. b) Viðhald og tæmingu hreinsivirkja sem eru til staðar. c) Gerð kæli- og frystikerfa sem notuð eru í rekstrinum ásamt viðhaldi búnaðarins. d) Meðhöndlun úrgangs, þ.m.t. magn og gerð. e) Öll mengunaróhöpp og atvik er varða mengun og mengunarvarnir fyrirtækisins, s.s. bilanir á búnaði, leka eða slys. Bregðast skal skjótt við ef mengunaróhöpp verða. Gera skal viðbragðsáætlanir þar sem við á. f) Kvartanir og/eða athugasemdir sem berast vegna starfseminnar. Innra eftirlit og skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum án fyrirvara.	550/2018 8. og 57. gr.	



2. VARNIR GEGN MENGUN UMHVERFIS

		Rgl.nr.	Uppfyllt
2.1	Beita skal bestu aðgengilegu tækni til að fyrirbyggja mengun vatns og sjávar.	550/2018 8. gr. 796/1999 12. gr.	
2.2	Rekstraraðila er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði hans sé fyllsta hreinlætis gætt. Vélar og tæki, hráefni, úrgang og annað það er starfseminni tilheyrir og er vistað í húsnæði eða á lóð fyrirtækisins skal þannig frá gengið að ekki valdi óþrifum eða óþægindum fyrir nágranna. Allt hráefni skal geymt í lokuðum geymslum. Athafnasvæði rekstraraðila skal lagt bundnu slitlagi og geymslusvæði girt af eftir þörfum. Geymsla á óhreinum körum og kössum utandyra er óheimil.	737/2003 16. og 18. gr.	
2.3	Iðnaðarskólp skal forhreinsa áður en það berst í fráveitukerfi eða viðtakanda í samráði við viðeigandi heilbrigðisnefnd.	796/1999 5. gr., rgl. nr. 798/1999 5., 25. og 26. gr. og rgl. nr. 799/1999	
2.4	Takmarka skal loftmengun frá starfsemi eins og kostur er. Loftræstingu skal þannig háttáð að ekki valdi ónæði eða óþrifum utanhúss eða óþægindum í nærliggjandi starfsstöðvum vegna loftmengunar eða lyktar.	787/1999	
2.5	Takmarka skal hávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðarmörk skal uppfylla viðmiðunarmörk fyrir hávaða í samræmi við reglugerð um hávaða.	724/2008	
2.6	Stefnt skal að lágmörkun úrgangs hjá fyrirtækinu. Fyrirtækið skal flokka og endurnýta úrgang eins og kostur er. Úrgangur sem ekki nýtist skal annaðhvort fluttur til endurnýtingar annars staðar eða til förgunar. Spilliefni skal ekki geyma til langframa á umráðasvæði fyrirtækisins. Spilliefnum skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku. Sorphirslur og ílát undir úrgang sem staðsett eru utanhúss, skulu vera lokuð og standast kröfur heilbrigðisfulltrúa.	737/2003 11. gr.	
2.7	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau þrifist ekki eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi.	941/2002 11. gr. og rgl. nr. 737/2003 16. og 17. gr.	
2.8	Eftirlit, rekstur og viðhald kæli- og frystibúnaðar skal ávallt vera með þeim hætti að ekki eigi sér stað óleyfileg útlosun og haldin skal dagbók um allt sem viðkemur viðhaldi og rekstri kælimiðla. Fara skal eftir leiðbeiningum frá heilbrigðisnefnd og Umhverfisstofnun um kælimiðla.	970/2013	



2.9	Ef mengunaráhapp verður, s.s. leki hættulegra efna eða slys í meðhöndlun á hráefni eða úrgangsefnum, skulu tafarlaust gerðar ráðstafanir til að stöðva útbreiðslu efnanna og hreinsa upp það sem þegar hefur lekið niður. Fylgja skal viðbragðsáætlun þar sem við á.	550/2018	
2.10	Starfsfólk skal hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleika þeirra hættulegu efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt tiltækar á vinnustaðnum.	941/2002 60. gr. og rgl. nr. 796/1999	
2.11	Verði rekstrinum hætt skal, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, ganga þannig frá athafnasvæðinu að ekki valdi mengunar- eða slyshættu.	550/2018 8. gr.	

3. LOSUNARMÖRK OG SÝNATAKA

		Rgl.nr.	Uppfyllt
3.1	Þar sem frárennsli er veitt í fráveitukerfi sveitarfélags skal fylgja þeim losunarmörkum sem leyfisveitandi starfsleyfis setur fyrir fráveitukerfi.	798/1999	
3.2	Ef frárennsli rekstraraðila rennur beint í viðtakanda skal hann uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til losunar tiltekinna efna með umhverfismörkum í viðeigandi reglugerðum.	796/1999 og rgl. nr. 798/1999	
3.3	Ef vart verður að mengun sé yfir umhverfismörkum eða ef önnur óæskileg mengunaráhrif vegna starfseminnar koma í ljós skal rekstraraðili, í samráði við heilbrigðisnefnd, gera ráðstafanir til úrbóta t.d. að draga úr losun eða bæta hreinsibúnað.	550/2018 og sbr. fylgiskjal 1 og 2 með rgl. nr. 798/1999	

Starfsleyfisskýrðin eiga sér m.a. stöð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, auglýsing nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru, reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti og reglugerð nr. 970/2013 um efni sem valda rýmun ósonlagsins.